

Hvað segja samningsaðilar um áhrif samninga um aflamark Byggðastofnunar?

Bakkafjörður

„Samningur um aflamark Byggðastofnunar skiptir gríðarlega miklu máli varðandi rekstur fiskvinnslu á stað eins og á Bakkafirði og er í raun megin forsenda þess að mögulegt sé að halda uppi atvinnu við vinnslu sjávarafla á staðnum.

Samningurinn styrkir einnig verulega afkomumöguleika útgerðaraðila og þeim hefur fjölgað ásamt því að íbúum hefur fjölgað.

Bjartsýni ríkir um áframhaldandi styrkingu samfélagsins.“

Hilmar Þór Hilmarsson framkvæmdastjóri Bjargsins ehf.